

Fundargerð 77. fundar Fræðslusjóðs
Mánudaginn 27. ágúst 2018 kl. 14:00 – 15:30
haldinn í Skipholti 50b. 3. hæð

Mætt: Guðrún Ragnarsdóttir, formaður, Svanhildur Sverrisdóttir, Halldór Grönvold, Garðar Hilmarsson, Kristín Þóra Harðardóttir, Fjóla Jónsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir.

Fjarverandi: Margrét Sigurðardóttir, Björg Baldursdóttir.

Frá FA: Sveinn Aðalsteinsson, Björn Garðarsson.

Þetta var síðasti fundur Svanhildar Kr. Sverrisdóttur í stjórn sjóðsins. Hún hverfur til annarra starfa utan menntamálaráðuneytisins. Pakkaði formaður henni samstarfið og óskaði henni velfarnaðar.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

2. Staða sjóðsins.

Björn fór yfir stöðu sjóðsins.

Afgreiðsla:

Samþykkt var að skuldbinding sjóðsins vegna IPA verkefnisins að upphæð 10 milljónir verði felld niður og upphæðin færast inn í sjóðinn til ráðstöfunar.

3. Úthlutanir til þróunarverkefna Fræðslusjóðs.

Upplýst að Skerpa fræðsluaðili hefur fallið frá að þiggja styrk til þróunarverkefnis.

Afgreiðsla:

Samþykkt að ÍÐAN framkvæmi í samræmi við upphaflega umsókn, enda er úthlutun til þeirra í samræmi við umsókn.

FA mun ganga frá uppgjöri við Skerpu vegna endurgreiðslu á útgreiddum styrk.

4. Önnur mál.

4.1. Ábending um skýrslu um færniþörf á vinnumarkaði

Sjá frétt á vef FA og skýrsluna á vef Vinnumálastofnunar.

Sjá einnig skýrsluna „Greining á menntun, starfstéttum og atvinnugreinum á vinnumarkaði - stöðumat júní 2018“ gefin út af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

4.2. Skipunartíma stjórnar lýkur í október. Af því tilefni eru stjórnarmenn beðnir að gefa sér rýmri tíma fyrir fund í október til kveðjustundar að fundi loknum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl 15.15.

Guðrún Ragnarsd.
Kristín Þóra Harðard.
Ársæll Guðmundsson

Garðar Hilmarsson
Halldór Grönvold
Fjóla Jónsdóttir